

**3184. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
22. júní 2016 og hófst hann kl. 10:15**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Rakei Óskarsdóttir varamaður, Valgarður L. Jónsson varamaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson varaáheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1606056 - Sorphirðugjöld 2016 - endurákvörðun

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands varðandi gjaldskrá sorpmála á Akranesi, dags. 20. júní 2016.

Bæjarráð samþykkir gjaldskrá sorpmála hjá Akraneskaupstað vegna ársins 2016.

2. 1605174 - Auglýsingaskilti við Hvalfjarðargöng

Tillaga um auglýsingaskilti við Hvalfjarðargöng.

Bæjarráð samþykkir að setja upp upplýsingaskilti við Hvalfjarðargöng, norðan megin við hringtorgið, þar sem svokallað Krónuskilti var áður staðsett, og felur bæjarstjóra að fylgja málinu eftir gagnvart Hvalfjarðarsveit.

Kostnaði við gerð upplýsingaskiltis og leigu verði mætt af liðnum 13640-2890.

3. 1606101 - Lopapeysan, Írskir dagar 2016 - tækisfærileyfi og tímabundið áfengisleyfi 2. júlí

Umsókn Vina Hallarinnar ehf. um tækisfærileyfi vegna tónlistarviðburðarins Lopapeysan 2016.


Bæjarráð samþykkir leyfisveitinguna.

4. 1606099 - Starfslok sviðsstjóra

Uppsögn sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs

Bæjarráð þakkar Jóni Hróa fyrir hans góðu störf í þágu Akraneskaupstaðar og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:45.



Valgarður L. Jónsson
Jóhannes K. Guðjónsson
Vilborg Þ. Guðbjartsd.

Rakei Óskarsdóttir

Steinar Dagur Adolfsson
Regína Ásvaldsdóttir